

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 107/2008**

**frá 26. september 2008**

**um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2008 frá 4. júlí 2008 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 <sup>(2)</sup>.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 177/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 <sup>(3)</sup>, en hún hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Liður 4b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93) í XXI. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32008 R 0177**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 177/2008 frá 20. febrúar 2008 um að setja sameiginlegan ramma fyrir fyrirtækjaskrár vegna hagskýrslugerðar og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2186/93 (Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Breyta 1.7a í viðaukanum gildir ekki að því er varðar Liechtenstein.
- b) Í Liechtenstein skulu ráðstafanir, sem nauðsynlegt er að gera til að fara að þessari reglugerð, koma til framkvæmda eigi síðar en 31. desember 2010.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 177/2008, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 32, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 64, 23.10.2008, bls. 25.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 61, 5.3.2008, bls. 6.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 196, 5.8.1993, bls. 1.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. september 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. september 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Nikulás prins af Liechtenstein***

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.